

Mál nr. 88/2007

S
og
X hf. vegna A
og
Z hf. vegna B)

Árekstur á Sæbraut 29. mars 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. apríl 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Z hf. dags. 14. maí 2007.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður A ók norður Sæbraut með fyrirhugaða stefnu til hægri niður í Súðavog. Hann sagði ökumann B hafa komið aðrein frá Ártúnsbrekku og inn á Sæbraut. B hefði ekið utan í hægri framhorn A, snúist á akbrautinni og staðnæmst á graseyju milli akbrauta. Ökumaður B segist hafa ekið aðreinina inn á Sæbraut og ætlað áfram Sæbrautina til norðurs. Hann hafi gefið stefnuljós til vinstri. Þegar hann ætlaði að beygja inn á akrein Sæbrautar hafi ökumaður A flautað á hann. Hann hafði þá gefið í og þegar nægt pláss myndaðist beygt inn á Sæbrautina. A hafi þá skolið á bifreiðinni, snúið henni og hún ekki staðnæmst fyrr en á umferðareyju. Vitni gaf sig fram og sagðist hafa séð B koma eftir aðreininni, gefið stefnuljós til vinstri. A hafi þá aukið hraðann eins og til að koma í veg fyrir að B kæmist inn á Sæbrautina og hafi A síðan ekið aftan á B sem hafi snúist þvert, farið yfir báðar akreinarnar til norðurs og staðnæmst á umferðareyjunni.

Álit.

Af gögnum málsins virðist ljóst að báðir ökumenn hafa átt sök á árekstrinum, A með því að gefa B ekki svigrúm til að komast inn á Sæbrautina og B með því að gæta ekki nægilega að umferð á Sæbrautinni þegar ekið var inn á götuna. Styðst þessi niðurstaða m.a. við framburð vitnis. Sök skiptist til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 29. maí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.